

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1916/2000**2002/EES/12/02**

frá 8. september 2000

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til skilgreiningar og sendingar upplýsinga um uppbyggingu launa(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 530/1999 frá 9. mars 1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 530/1999 eru framkvæmdaráðstafanir nauðsynlegar að því er varðar skilgreiningar og sundurliðun á upplýsingum, sem verða lagðar fram, og viðeigandi tæknilegt snið fyrir sendingu niðurstaðna.
- 2) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrslu-áætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. september 2000.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Skilgreining og sundurliðun upplýsinga**

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 530/1999 ber aðildarríkjum að láta í té upplýsingar um breytur sem skráðar eru í I. viðauka við þessa reglugerð.

Í þessu skyni er mælt fyrir um skilgreiningar á breytunum í II. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.***Tæknilegt snið fyrir sendingu niðurstaðna**

Mælt er fyrir um viðeigandi tæknilegt snið, sem nota skal við sendingu niðurstaðna, í III. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2001 frá 18. maí 2001 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 32, 21.6.2001, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 63, 12.3.1999, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR BREYTUR

1. **Upplýsingar vegna starfsstöðvarinnar sem launamannaúrtakið tengist**
 - 1.1. Svæðið samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða (NUTS).
 - 1.2. Stærð þess fyrirtækis sem starfsstöðin heyrir undir.
 - 1.3. Atvinnustarfsemi samkvæmt atvinnugreinaflokkun innan Evrópubandalaganna (NACE, 1. endursk.), sett á laggirnar með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ⁽¹⁾.
 - 1.4. Efnahags- og fjármálastjórnun í skilningi tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE ⁽²⁾.
 - 1.5. Tilvist kjarasamninga sem ná til þorra launamanna í einingunni sem er til athugunar.
 - 1.6. Heildarfjöldi launamanna í starfsstöðinni (*valkvætt*).
 - 1.7. Helsti markaður fyrir vörur fyrirtækisins (*valkvætt*).
 - 1.8. Stærð fyrirtækjahópsins (*valkvætt*).
 - 1.9. Búsetuland þess aðila er stjórnar fyrirtækjahópnum (*valkvætt*).
2. **Upplýsingar sem varða hvern launamann í úrtakinu:**
 - 2.1. Kyn.
 - 2.2. Aldur.
 - 2.3. Starfsgrein, flokkuð í samræmi við alþjóðlegu starfsgreinaflokkunina [ISCO-88 (COM)].
 - 2.4. Stjórnunar- eða eftirlitsstaða (*valkvætt*).
 - 2.5. Hæsta stig menntunar og þjálfunar sem lokið hefur verið samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 97)
 - 2.6. Starfsaldur í fyrirtækinu.
 - 2.7. Fullt starf eða hlutastarf.
 - 2.8. Tegund ráðningarsamnings.
 - 2.9. Ríkisfang (*valkvætt*).
 - 2.10. Fellur undir opinbera áætlun um að stuðla að bættu atvinnuástandi (*valkvætt*).
 - 2.11. Hve mörg ár hafa fallið úr í starfi hjá núverandi fyrirtæki (*valkvætt*).
3. **Upplýsingar um tekjur, greiddar vinnustundir og óunna daga**
 - 3.1. Vergar heildartekjur fyrir viðmiðunarmánuð.
 - 3.1.1. Tekjur vegna yfirvinnu.
 - 3.1.2. Sérstakar greiðslur vegna vaktavinnu.
 - 3.2. Vergar heildartekjur á viðmiðunarárinu.
 - 3.2.1. Fjöldi vikna eða mánaða sem eru að baki vergum árstekjum.
 - 3.2.2. Árlegir kaupaukar samtals.
 - 3.2.2.1. Kaupaukar sem eru ekki greiddir fyrir hvert launatímabil (*valkvætt*).
 - 3.2.2.2. Árlegir kaupaukar sem byggjast á framleiðni (*valkvætt*).
 - 3.2.2.3. Árleg framlög vegna hagnaðarhlutdeildar (*valkvætt*).
 - 3.3. Skylduðigjöld til félagslegra kerfa og skattar sem vinnuveitandi greiðir fyrir hönd launamannsins (*valkvætt*).
 - 3.3.1. Lögboðið framlag til almannatrygginga (*valkvætt*).
 - 3.3.2. Skattar (*valkvætt*).
 - 3.4. Fjöldi greiddra stunda í viðmiðunarmánuðinum (eða í venjulegum vinnumánuði).

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EEB L 293, 24.10.1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjórnartíðindi EEB L 195, 29.7.1980, bls. 35.

- 3.4.1. Fjöldi greiddra yfirvinnustunda í viðmiðunarmánuðinum.
 - 3.5. Árlegir fjarverudagar.
 - 3.5.1. Árlegur fjöldi frídaga (veikindaleyfi ekki talið með).
 - 3.5.2. Árlegur fjöldi leyfisdaga vegna veikinda (*valkvætt*).
 - 3.5.2.1. Árlegur fjöldi leyfisdaga vegna veikinda sem vinnuveitandi greiðir (*valkvætt*).
 - 3.5.2.2. Árlegur fjöldi leyfisdaga vegna veikinda sem vinnuveitandi greiðir ekki (*valkvætt*).
 - 3.5.3. Árlegur fjöldi daga nýttur til starfsnáms (*valkvætt*).
 - 3.6. Mat á árlægri greiðslu í fríðu (*valkvætt*).
 - 4. **Hækkunarstuðlar**
 - 4.1. Hækkunarstuðull fyrir starfsstöðina.
 - 4.2. Hækkunarstuðull fyrir launamenn.
-

II. VIÐAUKI

SKILGREINING Á BREYTUM

1. **Upplýsingar vegna starfsstöðvarinnar sem launamannaúrtakið tengist**

Samantekt hagskýrslna um uppbyggingu launa skal grundvallast á starfsstöðvum og fyrirtækjum, eins og þau eru skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 ⁽¹⁾, og veita upplýsingar um launamenn í fyrirtækjum sem eru flokkuð eftir stærð og aðalstarfsemi og þar sem launamenn eru 10 eða fleiri. Hagskýrslurnar skulu taka til allrar starfsemi sem er tilgreind í bálkum C, D, E, F, G, H, I, J, K, M, N og O í almennu atvinnugreinaflokkuninni innan Evrópubandalaganna (hér á eftir kölluð „NACE, 1. endursk.“). Starfsemi, sem fellur undir M, N og O, er hins vegar valkvæð fyrir 2001/02.

- 1.1. Svæðið þar sem starfsstöðin er staðsett samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða (NUTS) á 1. stigi.
- 1.2. Stærð fyrirtækisins, sem starfsstöðin tilheyrir, miðast við einn af eftirtöldum flokkum: 10-49, 50-249, 250-499, 500-999, 1000 eða fleiri launamenn.
- 1.3. Atvinnustarfsemi í starfsstöðinni skal flokkuð samkvæmt meginflokkum NACE, 1. endursk.
- 1.4. Efnahags- og fjármálastjórnun í skilningi tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE:

Í skilningi tilskipunar 80/723/EBE (um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkja og opinberra fyrirtækja) er „opinbert fyrirtæki“ sérhvert fyrirtæki sem opinber yfirvöld geta á beinan eða óbeinan hátt haft yfirráð yfir í krafti eignarhalds síns á því, kostnaðarhlutdeildar eða reglna sem gilda um stjórnun þess

Telja verður að um yfirráð (eða stjórnun) af hálfu opinberra yfirvalda sé að ræða þegar opinber yfirvöld, á beinan eða óbeinan hátt, ráða:

- meirihluta skráðs hlutafjár í fyrirtækinu (> 50%), eða
- meirihluta atkvæða, sem tengjast hlutum sem fyrirtækið hefur gefið út, eða þau geta skipað meira en helming þeirra sem fara með stjórn eða rekstur fyrirtækisins eða annast eftirlit með rekstri þess.

Til að greina þá einingu, sem fer raunverulega með stjórnina, er nauðsynlegt að grafast fyrir um allt eignarhaldið.

Eftirlitið, sem beitt er hjá fyrirtækinu, fellur undir einn af eftirfarandi flokkum:

- opinbert eftirlit,
- einkarekið eftirlit,
- opinbert og einkarekið eftirlit.

- 1.5. Tilvist kjarasamninga er ná til þorra launamanna í einingunni sem er til athugunar:

Kjarasamningur getur verið:

- á landsvísu eða milli verkalýðsfélaga, sem hafa innan sinna vébanda starfandi menn í margvíslegum iðngreinum, og eru undirritaðir af hálfu einna eða margra samtaka stéttarfélaganna og einna eða fleiri samtaka atvinnurekenda.
- samningur innan atvinnugreinar þar sem samið er um ráðningarskilmála allra eða flestra starfandi manna í tiltekinni atvinnugrein eða í tilteknum atvinnuvegi,
- samningur sem gildir fyrir tiltekna atvinnugreina á tilteknum svæðum,
- samningur við eitt fyrirtæki eða einn vinnuveitanda, sem tekur eingöngu til starfandi manna viðkomandi vinnuveitanda, hver sem stærð fyrirtækisins er. Hugsanlegt er að samningurinn taki eingöngu til tiltekinnar starfsstöðva eða hópa launamanna innan fyrirtækisins,
- samningur sem gildir eingöngu fyrir starfandi menn viðkomandi starfsstöðvar,
- hvers kyns annar samningur sem fellur ekki undir framangreint.

Jákvætt svar skal gefið ef meira en 50% launamanna í starfsstöðinni heyra undir einn framangreindra kjarasamninga.

Í stað þess að spyrjast fyrir um tegund kjarasamnings geta innlendir stofnanir spurt um þau sameiginlegu ákvæði, sem í gildi eru, og komist, á grundvelli svaranna, að niðurstöðu um tegund kjarasamningsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1.

- 1.6. Heildarfjöldi launamanna í starfsstöðinni (*valkvætt*):
Fjöldi launamanna skal vera í samræmi við upplýsingarnar í fyrirtækjaskránni sem er haldin vegna hagskýrslna.
- 1.7. Helsti markaður fyrir vörur fyrirtækisins (*valkvætt*):
Upplýsinga skal aflað um helsta markað fyrir vörur fyrirtækisins og þær flokkaðar sem hér segir:
- stað- eða svæðisbundinn markaður,
 - innlendur markaður,
 - markaður Evrópusambandsins,
 - heimsmarkaður.
- Tilgangurinn er eingöngu sá að skera úr um það hver sé stærsti markaðurinn (aðeins eitt svar).
- 1.8. Stærð fyrirtækjahópsins (*valkvætt*):
Fyrirtækjahópurinn er hagskýrslueining sem er skilgreind í reglugerð (EBE) nr. 696/93 um hagskýrslueiningar. Fyrirtækjahópurinn skal metinn á heimsvísu. Í flestum tilvikum heyrir starfsstöðin undir fyrirtæki sem lýtur hvorki stjórn innlands né erlendis hóps. Almennt gildir að starfsstöðin er vel þekkt ef hún tilheyrir fyrirtækjahópi. Þeir sem veita upplýsingar geta haft til leiðbeiningar hvort reikningar fyrirtækisins séu að öllu leyti sameiginlegir reikningum fyrirtækjahópsins eða ekki.
- 1.9. Búsetuland þess aðila er stjórnar fyrirtækjahópnum (*valkvætt*):
Aðilinn, sem stjórnar fyrirtækjahópnum, er sú lögformlega eining sem fer með raunverulega stjórn í skilningi þjóðhagsreikningakerfisins (SNA) 1993, kafla 4.30. Skrá skal búsetuland þessa aðila. Í mörgum tilvikum er þessi aðili í sama landi og starfsstöðin sem er til skoðunar. Skrá skal búsetuland þeirrar lögformlegu einingar sem birtir samstæðureikninga alls fyrirtækjahópsins.
- 2. Upplýsingar sem varða hvern launamann í úrtakinu**
- Launamenn eru þeir sem fyrirtækið eða starfsstöðin hefur gert beinan ráðningarsamning við og fá launagreiðslur, án tillits til þess hvers konar vinna er unnin, fjölda vinnustunda (hvort um er að ræða fullt starf eða hlutastarf) og tímabils samningsins (hvort hann er tímabundinn eða ótímabundinn). Starfsmenn með vinnuáðstöðu heima ⁽¹⁾ skulu því aðeins meðtaldir að fyrir hendi sé skilmerkilegur samningur um að þeir fái greidd laun fyrir þann stunda fjölda sem er unninn. Lærlingar og nemar skulu meðtaldir.
- Undanskilja skal eftirfarandi flokka:
- starfandi menn í sömu fjölskyldu,
 - starfsmenn með vinnuáðstöðu heima sem fá greidd laun á grundvelli þeirrar vöru eða þjónustu sem þeir framleiða eða inna af hendi
 - íhlaupastarfsmenn (þ.e. ráðnir án fyrir fram ákveðins fjölda vinnustunda),
 - afleysingamenn (ráðnir á vegum miðlunar eða fyrir milligöngu hennar. Ef miðlunin sjálf, sem annast ráðningu þeirra, er einingin sem er til athugunar skulu þeir meðtaldir.
 - einstaklingar sem þiggja laun eingöngu í formi þóknunar eða umboðslauna,
 - meðlimir í stjórn fyrirtækisins,
 - eigendur sem þiggja ekki laun, stjórnendur eða framkvæmdastjórar (sem fá greitt í formi arðgreiðslu eða þóknunar),
 - starfandi menn einingarinnar sem vinna að staðaldri (lengur en í eitt ár) hjá tengdu fyrirtæki erlendis,
 - sjálfboðaliðar.
- 2.1. Kyn.
- 2.2. Aldur í heilum árum á tilgreinda deginum í viðmiðunarmánuðinum.
- 2.3. Starfsgrein, flokkuð í samræmi við alþjóðlegu starfsgreinaflokkunina (ISCO- '88 (COM)).
Starfsgreinin skal flokkuð samkvæmt ISCO- '88 (COM)-flokkuninni með minnst tveimur tölustöfum og þremur ef unnt er.
Lærlingar og nemar, sem fengið hafa ráðningarsamning, falla í flokkuninni undir þá starfsgrein sem nám þeirra eða þjálfun tengist.

⁽¹⁾ Starfsmaður með vinnuáðstöðu heima er starfsmaður sem samþykkir að vinna fyrir tiltekið fyrirtæki eða sjá fyrirtækinu fyrir ákveðnu magni af vöru eða þjónustu samkvæmt samkomulagi eða samningi við viðkomandi fyrirtæki en hefur vinnustað utan fyrirtækisins. (Evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfið í Evrópubandalaginu frá 1995 (ESA- '95): g-liður 11.13.)

Starfsgreinarnar „stjórnunarstörf og sérfræðistörf“ (flokkur P1-2) ná að jafnaði yfir vítt svið verkefna sem tengjast áætlunargerð, stefnumótun og samræmingu að því er varðar mismunandi einingar fyrirtækisins, meðal annars innri deildir og svið, oft í samvinnu við undirmenn í hópi stjórnenda og verkstjóra.

Þeir sem sinna stjórnunarstörfum þurfa jafnan að hafa til að bera verulega þekkingu og reynslu að því er varðar framleiðsluferli og/eða kröfur um þjónustu, svo og á stjórnsýsluháttum sem nauðsynlegir eru til að rekstur félaga og fyrirtækja gangi vel.

Til að geta skilgreint starfsgreinina geta innlendir stofnanir spurst fyrir um þann launaflokk sem viðkomandi launamaður hefur samið um, flokkinn sem svarar til vinnustaðarins (slík flokkun liggur fyrir hjá starfsstöðinni) og hvort launamennirnir njóti lífeyrstrygginga starfsmanna.

2.4. Stjórnunar- eða eftirlitsstaða (*valkvætt*):

Þessi breyta gefur til kynna hvort launamaður gegni einhvers konar stjórnunarstöðu (= já) eða ekki (= nei). Slíkir launamenn flokkast ekki sem stjórnendur samkvæmt ISCO-’88 (COM)-flokkuninni (1. yfirflokkur) en geta engu að síður borið ábyrgð vegna stjórnunar eða eftirlits með hópi annarra launamanna. Yfirlitt er starfi slíkra einstaklinga lýst með orðunum „verkstjóri“ eða „flokksstjóri“ og þau tengd heiti starfsgreinarinnar.

2.5. Hæsta stig menntunar og þjálfunar sem hefur verið lokið ⁽¹⁾ samkvæmt ISCED ’97

Afla skal upplýsinga um stig almennrar menntunar, starfsmenntunar eða háskólamenntunar, sem launamaðurinn hefur aflað sér, samkvæmt eftirfarandi ISCED ’97-flokkum:

ISCED 0 og 1 (kóði 01)

0 — LEIKSKÓLASTIG og 1 — BARNASKÓLASTIG EÐA FYRRA ÞREP GRUNNMENTUNAR

Nám á 1. stigi er venjulega samþætt þannig að það veiti börnum trausta grunnmenntun í lestri, skrift og stærðfræði ásamt undirstöðuskilning í öðrum greinum, svo sem sögu, landafræði, náttúrufræði, samfélagsgreinum, myndmennt og tónmennt. Þetta stig spannar yfirlitt sex ára skólagöngu í heilsdagsnámi.

ISCED 2 (kóði 02)

2 — UNGLINGASTIG EÐA SÍÐARA ÞREP GRUNNMENTUNAR

Námið á 2. stigi er venjulega bundnara tilteknum greinum en áður, kennararnir eru jafnan með sérmenntun í tiltekinni grein og oft kenna nokkrir kennarar sína sérgrein í hverjum bekk. Á þessu stigi tileinka nemendur sér undirstöðufærni til fulls.

ISCED 3

3 — FRAMHALDSSKÓLASTIG (kóði 03, enginn greinarmunur er gerður á a, b eða c)

Námið á 3. stigi krefst að jafnaði þess að lokið sé 9 ára fullu námi (frá upphafi 1. stigs) eða það felst í samþættingu náms og þjálfunar á starfs- eða tæknisviði.

3A – Framhaldsskólastig – bóknám (*valkvætt*) (kóði 04)

3B – Framhaldsskólastig – tækninám (*valkvætt*) (kóði 05)

3C – Framhaldsskólastig (skemmra nám en þrjú ár) – starfsmenntun (*valkvætt*) (kóði 06)

3C – Framhaldsskólastig (þriggja ára nám eða lengra) – starfsmenntun (*valkvætt*) (kóði 07)

ISCED 4 (kóði 08)

4 — MENNTUN EFTIR FRAMHALDSSKÓLASTIG, ÖNNUR EN MENNTUN Á HÁSKÓLASTIGI

Þessi liður nær yfir nám sem í alþjóðlegu tilliti er á mörkum framhaldsskólastigs og menntunar eftir framhaldsskólastig þótt í innlendu samhengi megi líta á námið sem framhaldsskólamenntun eða menntun að lokinni framhaldsskólamenntun. Þetta nám getur þó ekki, að teknu tilliti til samsetningar þess, talist vera á háskólastigi. Námið er iðulega um margt svipað námi á stiginu ISCED 3, en því er ætlað að dýpka þekkinguna hjá þeim sem hafa þegar lokið námi á 3. stigi.

⁽¹⁾ Orðasambandið „stig menntunar sem lokið er“ merkir að viðkomandi fær í hendur skírteini eða vottorð svo fremi slíkt sé gefið út. Ef skírteini eða vottorð er ekki gefið út merkir „stig menntunar sem lokið er“ að viðkomandi hafi stundað allt námið.

Lýsandi dæmi er nám sem ætlað er að undirbúa nemendur, sem hafa lokið námi á stiginu ISCED 3, fyrir nám á 5. stigi, þótt þeir hafi ekki fylgt námsskrá sem heimilar inngöngu á 5. stig, þ.e. viðbótarnámskeið eða stutt starfsnám. Þetta getur einnig náð til náms sem kemur til viðbótar við framhaldsskólastig.

ISCED 5B (kóði 09)

5B — FYRSTA ÞREP MENNTUNAR Á HÁSKÓLASTIGI (SEM LEIÐIR EKKI BEINT TIL RANNSÓKNARGRÁÐU) — Tæknilegt nám

Í samburði við 5A er þetta nám hagnýtt/starfsbundið og það er einkum ætlað þátttakendum sem hyggjast tileinka sér hagnýta færni og þekkingu sem er nauðsynleg til að gegna stöðu í tilteknu starfi eða innan tiltekinnar greinar eða tilteknum flokki greina. Að loknu námi hafa þátttakendur öðlast menntun og hæfi sem opnar þeim leið inn á vinnumarkaðinn.

ISCED 5A (kóði 10)

5A — FYRSTA ÞREP MENNTUNAR Á HÁSKÓLASTIGI (SEM LEIÐIR EKKI BEINT TIL RANNSÓKNARGRÁÐU) — Almennt nám

Á þessu stigi er nám á háskólastigi sem er flóknara en það nám sem er í boði á 3. og 4. stigi. Aðgangur að þessu námi er yfirleitt því aðeins heimill að námi hafi verið lokið á ISCED-stigi 3A eða 3B eða svipuð menntun og hæfi hafi fengist við nám á ISCED-stigi 4A. Námið veitir ekki aðgang að rannsóknarverkefnum. Samanlagður námstími skal hið minnsta vera tvö ár. Nám á stigi 5A er einkum fræðilegt og því er ætlað að veita þá menntun og hæfi sem nægir til að veita aðgang að rannsóknartengdu námi og störfum þar sem miklar kröfur eru gerðar um færni.

ISCED 6 (kóði 11)

6 — ANNAÐ ÞREP MENNTUNAR Á HÁSKÓLASTIGI (SEM LEIÐIR TIL RANNSÓKNARGRÁÐU)

Á þessu stigi fer fram nám á háskólastigi sem leiðir til rannsóknargráðu. Námið er af þeim sökum fræðilegt og byggist einnig á grunnrannsóknunum en ekki eingöngu á námskeiðum. Yfirleitt er gerð krafa um að lögð sé fram lokaritgerð eða doktorsritgerð sem er hæf til birtingar, er afrakstur grunnrannsókna og telst vera markvert framlag á viðkomandi fræðasviði.

2.6. Starfsaldur í fyrirtækinu:

Starfsaldurinn er skilgreindur sem fjöldi heilla ára sem viðkomandi hefur unnið hjá núverandi vinnuveitanda. Hafi launamaðurinn unnið áður í annarri starfsstöð á vegum fyrirtækisins skal starfsaldurinn reiknaður frá þeim degi sem hann hóf störf hjá fyrirtækinu. Stutt leyfi (skemmri en eitt ár, t.d. barnsburðarleyfi, feðraorlof eða veikindaleyfi) skulu reiknast með. Hlé lengri en eitt ár skulu ekki reiknast með.

2.7. Fullt starf eða hlutastarf:

Launamenn í fullu starfi eru þeir sem vinna reglulegan vinnudag samkvæmt kjarasamningi eða venjulegan vinnutíma í þeirri starfsstöð, sem er til athugunar, þótt samningur þeirra hljóði upp á styttri tíma en eitt ár. Frávik, sem nema 10%, eru heimil.

Í öðrum tilvikum skal líta svo á að um hlutastörf sé að ræða. Fjölda vinnustunda, sem launamenn í hlutastarfi inna af höndum, skal gefa upp sem hundraðshluta af þeim fjölda vinnustunda sem launamenn (í fullu starfi) vinna venjulega í starfsstöðinni.

2.8. Tegund ráðningarsamnings:

Veita skal eftirfarandi upplýsingar um tegund ráðningarsamnings:

- ótímabundinn samningur,
- tímabundinn samningur (nema þegar um lærlinga eða nema er að ræða),
- samningur lærlinga/nema,
- annars konar samningur.

Ótímabundinn ráðningarsamningur er samningur milli launamanns og vinnuveitanda þar sem ekki er samið fyrir fram um lengd samningsins.

Ráðningarsamningur telst gilda um stundarsakir eða um tiltekinn tíma ef launamaðurinn og vinnuveitandinn koma sér saman um að gildistími samningsins skuli ráðast af tilteknum skilyrðum, til dæmis miðast við áætluð lok verksins, lok tiltekins viðfangsefnis eða miðast við afturhvarf annars launamanns sem hafði verið leystur af um tíma.

Samningur lærlinga eða nema er samningur sem gildir um tiltekinn tíma sem samið er um milli vinnuveitandans og lærlingsins eða nemans. Markmiðið með samningnum er að gera nemanum kleift að öðlast reynslu á tilteknu sviði.

2.9. Ríkisfang (*valkvætt*):

Ríkisborgaréttur er skilgreindur sem ríkisfang hvers manns sem hann öðlast við fæðingu eða við veitingu þegnréttar hvort sem það gerist í kjölfar umsóknar, með ættleiðingu, hjónabandi eða með öðrum hætti.

2.10. Fellur undir opinbera áætlun um að stuðla að bættu atvinnuástandi (*valkvætt*):

Þessi liður gefur til kynna hvort launamennirnir falla undir einhverja af eftirtöldum opinberum áætlunum:

— vinnuveitandinn er algerlega eða að hluta undanþeginn skattgreiðslum og framlagi til félagslegra kerfa,

— styrkur,

— styrkur vegna menntunar eða þjálfunar.

Þetta lýtur að einstaklingnum en ekki fyrirtækinu. Styrkir greiddir fyrirtækinu, sem verða ekki tengdir tilteknum launamanni (þar eð þeir eru reiknaðir á grundvelli fjölda launamanna), teljast ekki með.

Stuðningsráðstafanir geta einnig orðið til þess að lækka beina skatta og framlög vinnuveitandans eða launamannsins til opinberra kerfa, enda séu ráðstafanirnar gerðar í því skyni að auðveldara verði að skapa viðkomandi starf eða ráða launamanninn.

2.11. Fjöldi ára sem hafa fallið úr í starfi hjá núverandi fyrirtæki (*valkvætt*):

Langvarandi hlé launamannsins frá starfi í heilum árum (og mánuðum). Langvarandi hlé eru þau sem eru lengri en eitt ár. Hafi nokkur hlé orðið á nokkurra ára starfstíma skal leggja þau saman. Stutt hlé (skemmri en eitt ár) skulu ekki teljast með þótt samanlögð lengd þeirra sé meiri en eitt ár.

3. **Upplýsingar um tekjur, greiddar vinnustundir og óunna daga**

3.1. Vergar heildartekjur fyrir viðmiðunarmánuð:

Vergar tekjur eru laun í reidufé, sem vinnuveitandi greiðir beint og reglulega á hverju launatímabili, fyrir frádrátt skatta og framlags sem launamanninum ber að greiða til félagslegra kerfa og vinnuveitandanum ber að halda eftir.

Eftirfarandi liðir falla hér undir:

— allar greiðslur sem tengjast þessu tímabili (þótt þær séu greiddar utan viðkomandi tímabils), þar á meðal allar yfirvinnugreiðslur, vaktaálag, kaupauki, þóknun o.s.frv.,

— greiðslur fyrir yfirvinnu, aukagreiðslur vegna hópvinnu, næturvinnu, helgarvinnu, þóknunir o.s.frv.,

— kaupaukar og aukagreiðslur sem eru greiddar reglulega á hverju launatímabili, þótt upphæðin sé breytileg frá mánuði til mánaðar,

— greiðslur fyrir fjarvistartímabil og hlé frá störfum sem vinnuveitandi greiðir að fullu,

— fjölskyldugreiðslur og óreglulegar aukagreiðslur í reidufé samkvæmt kjarasamningi eða frjálsum samkomulagi,

— greiðslur í sjóði vegna kerfisbundins sparnaðar launamanna.

Eftirfarandi liðir falla ekki hér undir:

— greiðslur greiddar á þessu tímabili en sem tengjast öðrum tímabilum, svo sem eftirstöðvar, fyrirframgreiðslur eða greiðsla vegna leyfa eða veikinda utan þessa tímabils,

— kaupaukar og aukagreiðslur sem eru ekki greiddar reglulega á hverju launatímabili,

— greiðslur vegna fjarvistartíma sem vinnuveitandinn greiðir eftir lægri taxa,

— lögboðnar fjölskyldugreiðslur,

- verðgildi bóta sem eru greiddar í fríðu (vegna erfðleika sem eru samfara gagnaöflun),
- styrkur vegna fatnaðar eða verkfæra,
- endurgreiðslur eða greiðslur vegna ferðalaga, dvalarkostnaðar o.s.frv. og einnig vegna kostnaðar sem tengist verkefnum sem innt eru af hendi í þágu vinnuveitandans.

3.1.1. Tekjur vegna yfirvinnu:

Heildarlaun greidd fyrir yfirvinnu. Gefa ber upp heildartímakaupið, ekki aðeins þann hluta þess sem bætist ofan á venjulegt tímakaup. Átt er við greiðslu fyrir yfirvinnu sem unnin er á viðmiðunartímabilinu þótt greiðsla eigi sér stað síðar (undanskilja skal yfirvinnustundir sem voru unnar áður og greiddar í viðkomandi mánuði).

3.1.2. Sérstakar greiðslur vegna vaktavinnu:

Þessar greiðslur tengjast sérstöku álagi sem er greitt vegna vaktavinnu, sem og nætur- eða helgarvinnu ef slík vinna er ekki greidd sem yfirvinna. Aðeins álagið sjálft skal meðtalið.

3.2. Vergar heildartekjur á viðmiðunarárinu:

Þetta lýtur að vergum tekjum sem eru greiddar á viðmiðunarárinu. Telja skal með alla kaupauka sem eru ekki greiddir reglulega (13. eða 14. mánuð, orlofslaun, hagnaðarhlutdeild, laun vegna ótekinna leyfa, tilfallandi þóknarir o.s.frv.). Biðlaun skulu undanskilin. Greiðslur í fríðu skulu einnig undanskildar.

3.2.1. Fjöldi vikna eða mánaða sem eru að baki vergum árstekjum:

Gagnlegt getur verið að spyrjast fyrir um árstekjur allra launamanna í úrtakinu þótt viðvera þeirra spanni ekki allt árið. Í þessu tilviki er nauðsynlegt að spyrjast fyrir um fjölda vikna eða mánaða sem eru að baki árstekjunum svo að komast megi hjá hugsanlegum skekkjum.

3.2.2. Árlegir kaupaukar samtals:

Hér er átt við allar óreglulegar greiðslur sem koma ekki til á hverju launatímabili, svo sem orlofslaun, 13. mánuð, laun vegna ótekinna leyfa, tilfallandi þóknarir, hagnaðarhlutdeild o.s.frv.

3.2.2.1. Kaupaukar sem eru ekki greiddir fyrir hvert launatímabil (*valkvætt*):

Hér er átt við alla reglulega kaupauka sem koma ekki til á hverju launatímabili, svo sem orlofslaun, 13. eða 14. mánuð o.s.frv.

3.2.2.2. Árlegir kaupaukar sem byggjast á framleiðni (*valkvætt*):

Hér er átt við óreglulega kaupauka sem launamaðurinn fær greidda og tengjast afköstum hans eða ákvæðisvinnu.

3.2.2.3. Árleg framlög vegna hagnaðarhlutdeilda (*valkvætt*):

Hér er átt við sérstaka kaupauka eða aðrar sérstakar greiðslur sem tengjast heildarárangri fyrirtækisins og eru til komnar vegna hvetjandi áætlunar.

3.3. Skylduðgjöld til félagslegra kerfa og skattar sem vinnuveitandi greiðir fyrir hönd launamannsins (*valkvætt*):

Heildarframlög vegna skylduðgjalda til félagslegra kerfa og skatta sem vinnuveitandi greiðir fyrir hönd launamannsins til opinberra yfirvalda í viðkomandi mánuði.

Ath.: Þetta á ef til vill ekki við í tilteknum löndum.

3.3.1. Lögboðið framlag til almannatrygginga (*valkvætt*):

Hér er átt við lögboðið framlag launamannsins til almannatrygginga sem mælt er fyrir um í lögum eða kjarasamningum og vinnuveitandi heldur eftir.

3.3.2. Skattar (*valkvætt*):

Hér er átt við alla skatta á tekjur sem vinnuveitandi heldur eftir og greiðir skattayfirvöldum.

3.4. Fjöldi greiddra stunda í viðmiðunarmánuðinum (eða í venjulegum vinnumánuði):

Fjöldi greiddra stunda tekur bæði til venjulegra vinnustunda og yfirvinnustunda sem eru launaðar í viðmiðunarmánuðinum. Stundir, sem eru ekki unnar á viðmiðunartímabilinu en eru samt sem áður greiddar, teljast „greiddar stundir“ (árlegt orlof, veikindaleyfi, opinberir frídagar og aðrar greiddar stundir, til dæmis lækni skoðun). Þegar þessi aðferð er notuð er nauðsynlegt að sjá til þess að samræmi ríki milli „greiddra stunda“ og þeirra stunda sem eru að baki launagreiðslum.

Greiddar stundir eru reiknaðar með því að draga frá stundir sem glatast og eru ekki greiddar (vegna veikinda, barnsburðarleyfis o.s.frv.) eða stundir, sem eru greiddar samkvæmt taxa sem er lægri en fyrir venjulegar vinnustundir, og einnig yfirvinnustundir.

Ath.: Venjulegur fjöldi vinnustunda er sá fjöldi stunda sem gert er ráð fyrir að viðkomandi launamaður inni af hendi í viðmiðunarmánuðinum, að undanskildum helstu matarhléum og að undanskilinni allri yfirvinnu þótt hluti hennar sé unnin reglulega eða samkvæmt samningi. Hér er átt við þann fjölda stunda (í viku eða mánuði) sem launamanninum er skylt að vinna samkvæmt skilmálum samnings eða lögum og reglum sem gilda í starfsstöðinni.

3.4.1. Fjöldi yfirvinnustunda sem greitt er fyrir í viðmiðunarmánuðinum:

Yfirvinnustundir eru þær stundir sem eru unnar umfram þær sem tíðkast að vinna í venjulegri eða hefðbundinni viku (eða mánuði). Ef 4 stundir eru til dæmis greiddar þannig að venjuleg laun eru margfölduð með stuðlinum 1,5 skal reikna með 4 stundum, ekki 6. Ekki skal taka með aðrar yfirvinnustundir en þær er svara til þeirra greiðslna sem tilgreindar eru í lið 3.1.1. Leyfi frá vinnu, sem kemur í stað ógreiddrar yfirvinnu eða ferðatíma, telst ekki til yfirvinnu.

3.5. Árlegir fjarverudagar:

3.5.1. Árlegur fjöldi orlofsdaga (veikindaleyfi undanskilið):

Hér er átt við árlegan fjölda greiddra orlofsdaga launamanna, að undanskildum lögboðnum frídögum. Átt er við heildarfjölda leyfis daga sem eru greiddir að öllu jöfnu árlega, þar á meðal þá daga sem launamaður ávinnur sér vegna aldurs, með sérstökum verkefnum, með starfsaldri og þess háttar.

Greiddi vinnuveitendur launamönnum sínum aukalega vegna vinnu sem innt er af hendi í launum leyfum skulu þær tekjur að jafnaði teknar með við útreikning árstekna og orlofsdögum fækkað að sama skapi. Sakir þess að greitt hefur verið fyrir unna orlofsdaga yrði um tvítalningu að ræða ef heildarfjöldi orlofsdaga væri ekki leiðréttur. Af þeim sökum er raunverulegur fjöldi leyfis daga tilgreindur.

Semji launamenn um að fá aukalega (launað) leyfi frá vinnu sem styttr vinnutímamann skal á sama hátt leggja það við fjölda árlegra orlofsdaga. Þennan tíma skal því aðeins skrá að stytting vinnutímans jafngildi fimm vinnudögum eða fleiri á ári.

Eftirfarandi telst ekki til árlegra leyfis daga:

- hvíldardagar sem veittir eru vegna hóp vinnu (þar eð þeir hafa þegar verið teknir með í útreikningum á vikulegum fjölda vinnustunda),
- lögboðnir frídagar,
- námsleyfi,
- launaðir aukafrídagar, veittir vegna persónulegra ástæðna.

Eingöngu skal telja með þá daga sem unnt er að vinna (ef ekki er unnið á laugardögum og sunnudögum skal ekki telja þá með; hið sama gildir um lögboðna frídaga).

3.5.2. Árlegur fjöldi leyfis daga vegna veikinda (*valkvætt*):

Árlegur fjöldi leyfis daga vegna veikinda sem launamaðurinn tekur.

3.5.2.1. Árlegur fjöldi leyfis daga vegna veikinda sem vinnuveitandi greiðir (*valkvætt*):

Árlegur fjöldi leyfis daga vegna veikinda sem launamaðurinn tekur og vinnuveitandi greiðir að hluta eða öllu leyti.

3.5.2.2. Árlegur fjöldi leyfisdaga vegna veikinda sem vinnuveitandi greiðir ekki (*valkvætt*):

Árlegur fjöldi leyfisdaga vegna veikinda sem launamaðurinn tekur en vinnuveitandi greiðir ekki.

3.5.3. Árlegur fjöldi daga nýttur til starfsnáms (*valkvætt*):

Fjöldi daga, sem er nýttur árlega til starfsnáms, er sá fjöldi daga (talið í heilum dögum) sem launamaðurinn ver til hvers kyns starfstengds náms, en undanskilið er nám lærlinga og nema samkvæmt sérstökum námssamningi.

3.6. Mat á árlegri greiðslu í fríðu (*valkvætt*):

Mat á verðgildi allra greiðslna í fríðu sem launamaðurinn fær á viðmiðunarárinu.

4. **Hækkunarstuðlar**

4.1. Hækkunarstuðull fyrir starfsstöðina:

Reikna skal hækkunarstuðla innan hvers sýnatökulags fyrir hverja starfsstöð og skulu þeir grundvallast á fjölda starfsstöðva í úrtakinu og fjölda starfsstöðva í þýðinu. Stuðullinn gefur til kynna fjölda starfsstöðva í þýðinu sem hver starfsstöð í úrtakinu hefur á bak við sig.

4.2. Hækkunarstuðull fyrir launamenn:

Hækkunarstuðullinn fyrir launamennina er sá stuðull sem nota þarf til að margfalda fjölda launamanna í úrtakinu til að fá metna tölu fyrir þýðið. Hækkunarstuðullinn fyrir hverja starfsstöð grundvallast á fjölda launamanna, sem lenda í úrtakinu innan starfsstöðvarinnar, og heildarfjölda launamanna í starfsstöðinni, að meðteknum hækkunarstuðlinum fyrir starfsstöðina.

III. VIÐAUKI

TÆKNILEGT SNIÐ FYRIR SENDINGU NIÐURSTAÐNA

Leggja skal fram gögn sem varða hverja einstaka starfsstöð og hvern launamann. Þessi gögn skal leggja fram sem tvær gerðir skráa:

A: skrár fyrir starfsstöðvarnar;

B: skrár fyrir launamennina.

Skrár launamannanna skulu vera tengdar skránni starfsstöðvarinnar með lykli.

Í skránum skal vera svið fyrir hverja breytu. Hver skrá skal vera af fastri lengd eða aðskilin frá öðrum með kommu. Röð sviðanna skal vera í samræmi við röð breytnanna. Ef eyða er þar sem breyta á að vera skal setja autt svið á móti. Raunveruleg núllgildi skulu skráð með tölulegum núllum.
